

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

322. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 19.08.2013, kl.07:30 á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5.

Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Páll Hilmarsson, Ómar Stefánsson, Oddný Sturludóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson og Hafsteinn Pálsson. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar. Karl Sigurðsson og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir boðuðu forföll.

Tekið fyrir:

- 1. Hálfis árs milliuppgjör**
Framkvæmdastjóri kynnir sex mánaða milliuppgjör og samanburð rekstrar og áætlunar. Stjórn staðfestir milliuppgjörið og undirritar.
- 2. Forsendur rekstraráætlunar 2014-2018**
Lagt fram minnisblað með helstu forsendum rekstraráætlunar fyrir árið 2014 og fyrir tímabilið 2014-2018. Forsendurnar ræddar. Stjórn vísar málinu til eigendafundar í samræmi við nýja eigendastefnu.
- 3. Framtíð Metan ehf.**
Lagt fram á ný minnisblað framkvæmdastjóra dagsett 29. maí 2013. Framkvæmdastjóra falið að leggja málið fyrir eigendafund til frekari umræðu.
- 4. Bréf forum lögmanna vegna Hringrásar**
Lagt fram bréf forum lögmanna, dagsett 20.06.2013. Einnig lögð fram fram drög að svarbréfi lögmans SORPU bs., Ásgeirs Thoroddsen. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfi forum lögmanna í samráði við lögmann.
- 5. Móttaka spilliefna á endurvinnslustöðvunum**
Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra vegna tilraunar við breytta móttöku á spilliefnum á endurvinnslustöðvum SORPU bs. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að óska framlengingar á samningi SORPU bs. og Efnamóttökunnar til áramóta og ná samkomulagi við Úrvinnslusjóð um fyrirkomulag verkefnisins og kostnaðarskiptingu.
- 6. Pressukaup – breyting á ákvörðun stjórnar frá 3. júní sl.**
Lagður fram nýr samanburður á þeim tveim kostum sem hagstæðastir þóttu ásamt minnisblaði lögmans. Við endurmat kom í ljós að tæknilegar forsendur voru betur uppfylltar hjá UnoTech og tilboð þeirra því hagstæðara. Stjórn ákveður að breyta ákvörðun sinni frá 3. júní sl. og taka tilboði í pressu frá UnoTech í stað Paal.
- 7. Erindi Samkeppniseftirlits vegna kvörtunar Gámaþjónustunnar**
Lagt fram bréf Samkeppniseftirlits dagsett 13.08.2013 vegna kvörtunar Gámaþjónustunnar vegna afnáms afslátta. Framkvæmdastjóra falið að útbúa drög að svari í samráði við embætti borgarlögmans og Hörð Felix Harðarson hrl.

MGM OS
PAAL BT

PAAL OS
BT

8. Ósk stjórnar SOS um fund

Lagt fram erindi stjórnar Sorpstöðvar suðurlands bs. um sameiginlegan fund stjórnar SORPU og SOS þann 2. september 2013. Stjórn verður við þeirri beiðni og felur framkvæmdastjóra að svara erindi SOS.

9. Ráðning rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna

Framkvæmdastjóri greinir frá því að Guðmundur Tryggvi Ólafsson hefði verið ráðinn rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna frá 15. ágúst í tímabundið starf í eitt ár. Til áramóta 2013/2014 verður Guðmundur Tryggvi í hálfu starfi en svo í fullu starfi. Ásmundur Reykdal núverandi rekstrarstjóri mun láta af störfum í lok þessa mánaðar. Stjórn og framkvæmdastjóri þakka Ásmundi vel unnin störf en hann hefur starfað hjá fyrirtækinu nánast frá upphafi.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 9.09.2013 klukkan 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:15

Fundarritari Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur.

Margrét Guaya Magnúsdóttir
Ólafur Steinarson
Ómar Stefánsson
Páll
Bjarni Tarfa
Ólafurinn Lábrón
Bjarni Hjarðar
Bjarni Hjarðar